

Vatnsbólssvæði Búðardals á Svínadal

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-80-02

1980-06-04


Vatnsbólssvæði Búðardals á Svínadal

Friðunarsvæði þeirra vatnsbóla, sem nú er verið að taka í notkun, hefur nú þegar verið afmarkað. Meðan svipuð landnot og nú eru á svæðinu umhverfis vatnsbólin, þykir ekki ástæða til frekari friðunaraðgerða.


Vatnsbólssvæði það, sem upp er dregið á meðfylgjandi mynd, hefur mörk, sem hvorki eru jarðfræðilegs né vatnafræðilegs eðlis. Það má því á engan hátt líta á það sem friðunarsvæði. Mörkin eru aðeins sett með það í huga, að þau séu einföld, og að innan svæðisins séu lindir og aðrir þeir staðir, sem vænlegir þykja til vatnsnáms. Þess er vænst, að ákvæði, er banna að vatnsbólum sé spillt, veiti þeim hluta aðrennslis-
svæðis lindanna, sem liggur utan hins afmarkaða vatnsbóls-
svæðis, nægilega vernd.


Umrætt svæði er látið takmarkast landamerkjum niður undan Réttargili, og fylgja vesturmörk þjóðvegi niður undir Norðurhóla, en það er um 1600 m vegalengd. Breidd þessa svæðis þarf í það minnsta að vera 300 m, og er teiknuð svo hér.

Kærar kveðjur



Þórólfur H. Hafstað



 ORKUSTOFNUN	78.01.30
	PH/ Sy.J
	Dalás. Neysluv.
	F16589

Vatnsbólssvæði á Svínadal, Dölum